Nánari upplýsingar á www.sunnanmenning.is

# Safnahelgi á Suðurlandi

## *Matur og menning úr héraði*

31. október – 3. nóvember 2013

Opnunarhátíð Safnahelgar á Suðurlandi 2013 fer fram fimmtudaginn 31. október kl. 16:00 í Þjórsárstofu í Árnesi. Formleg opnun, ávörp, tónlistaratriði, stuttmynd um Þjórsá frá upptökum til ósa, veitingar að hætti heimamanna o.fl. Safnarasýning Upplits verður opnuð á sama tíma í Þjórsárstofu.



## Höfn í Hornarfirði

### Gamla skreiðaskemman

Laugardagur 2. og sunnudagur 3. nóvember

KL: 10:00-16:00 Saga sjávarútvegs á Hornafirði er rakin með ljósmyndum og munum

### Mikligarður

Laugardagur 2. og sunnudagur 3 .nóvember

KL 10:00-16:00 Verbúðin sýnir vistarverur sjómanna og ráðskvenna á vetrarvertíðum á Höfn

### Nýheimar (byggðasafn,bókasafn)

Föstudagur 1 . og laugardagur 2. nóvember

KL 13:00-16:00 Hægt að skoða nýja vinnuaðstöðu við skráningu og forvörslu á verkstæði byggðasafnsins. Fólki gefst kostur á að koma með muni til skoðunar. Leiðsögn um bókasafnið fyrir þá sem vilja og farið í gegnum gamlar slidesmyndir skjalasafnsins á hverjum klukkutíma.

### Listasafn/Svavarssafn

Svavarssafn verður opið frá 9:15 til 15:00 fimmtudag og föstudag. Laugardag er opið frá kl 13:00 til 16:00 Á listasafni er sýning um Svavar Guðnason „ Birtan í fjöllunum"

### Vinnustofa Eyrúnar Axelsdóttur í Miklagarði

Föstudagur, laugardagur og sunnudagur 1. - 3.nóvember

KL. 14:00-17:00 Vinnustofa Eyrúnar Axelsdóttur í Miklagarði verður opin. Ýmislegt skemmtilegt að sjá og allir velkomnir.

### Handraðinn – handverkshús

Föstudagur 31. okt. 11:00 til 18:00 og laugardagur 1. nóv.

KL. 11.00-16:00 Handraðinn, félag lista og handverksfólks á Hornafirði verður með opið. Sjón er sögu ríkari og kjörið tækifæri til að versla sér lopavettlinga fyrir veturinn. Allir velkomnir.

## Suðursveit

### Þórbergssetur

Fimmtudagur 31. okt – sunnudags 3. nóvember

KL. 14:00 TIL 18:00 Á Þórbergssetri er sýning um Þórberg Þórðarson rithöfund

## Kirkjubæjarklaustur

Uppskeruhátíð Skaftárhrepps 31. október - 3. nóvember 2013

Nánari dagskrá og upplýsingar á www.klaustur.is

Fimmtudagur 31. október

KL. 20:00 Setning Uppskeruhátíðar Skaftárhrepps í Íþróttamiðstöðinni. Guðmundur Ingi Ingason oddviti flytur ávarp og setur hátíðina. Veitingar í boði menningarmálanefndar Skaftárhrepps.

Föstudagur 1. nóvember

KL. 10:00 - 14:00 Opið hús í Kirkjubæjarskóla.

KL. 14:00 - 16:00 Opið hús hjá Klausturbleikju á Kirkjubæjarklaustri

KL. 14:00 - 16:00 Opið hús í námsveri Kirkjubæjarstofu. Árni Rúnar Þorvaldsson verkefnastjóri Fræðslunets- og Háskólafélags Suðurlands verður á staðnum og kynnir starfsemina. Veitingar í boði Kirkjubæjarstofu.

KL. 13:00 -16:00 Opið í Handverkshúsinu, Klausturhólum

KL. 12:00 -18:00 Opið í Sveitabragganum í kjallara Kirkjuhvols

KL. 20:30 Eldklerkurinn. Möguleikhúsið frumsýnir einleik um sr. Jón Steingrímsson í félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Höfundur handrits og leikari er Pétur Eggerz, leikstjóri Sigrún Valbergsdóttir. Aðgangseyrir kr. 3.500.

### Bændur í Fljótshverfi bjóða gestum heim

Laugardagur 2. nóvember

KL. 11:00 - 17:00 Opið hús á Gistiheimilinu Dalshöfða

KL. 12:00 - 17:00 Opinn rófubragginn á Maríubakka

KL. 13:00 -17:00 Opið hús á Gistiheimilinu Hvoli

Opið hús í kornvinnslunni á Sandhóli í Meðallandi

KL. 13:00 - 16:00 Grillvagn Félags sauðfjárbænda verður staðsettur þar og boðið verður upp á heilgrillað lamb.

KL. 20:00 Hótel Klaustur. Hátíðarkvöldverður Uppskeruhátíðar Skaftárhrepps.

Sunnudagur 3. nóvember

KL. 14:00 Uppskeru- og þakkarmessa í Kálfafellskirkju í Fljótshverfi. Prestur sr. Ingólfur Hartvigsson. Organisti Brian R. Haroldsson. Kirkjukór Prestsbakkasóknar leiðir söng.

KL. 16:00 Uppboð í félagsheimilinu Kirkjuhvoli til styrktar endurbótum á eldhúsi félagsheimilisins.

## Vík í Mýrdal

### Ströndin, Víkurskála.

Veitingastaðurinn Ströndin við Víkurskála

Laugardagur 2. nóvember

KL. 20:00 Fýlaveisla. Fýll var áður mikil búbót. Fýlaveislan er hugsuð til að fá heimamenn, brottflutta, vini og vandamenn til að hittast og snæða saman fýl, sem er sérstakt mýrdælskt fyrirbæri.

→






















Miðapantanir og upplýsingar í síma 8960360, elias@vikurskali.is.

### Kötlusetur
Laugardagur 2. nóvember

KL. 15:00 – 17:00 Kötlusetur, menning og mannlíf. Frítt verður á sýninguna um Kötlu. Síðustu forvöð að sjá ljósmyndasýningu Rússnesku listakonunnar Varyu Lozenko. Kaffi á könnunni.

## Vestmannaeyjar

### Akóges
Fimmtudagur 31.október

KL. 17.00 „Íslensku þjóðsögurnar" myndlistarsýning myndlistarfélags Vestmananeyja

### Vestmannaeyjaflugvöllur
KL. 18.00 „FÓLK" ljósmyndasýning félaga úr ljósmyndaklúbbi Vestmannaeyja. Konný, Óskar Pétur, Diddi Sig, Kristján Egils., Ingi Tómas, Hlynur Ágústs, Gunnar Ingi, Viðar Breiðfjörð, Binna, Tói Vidó og Ómar Garðarsson.

### Stafkirkjan
Föstudagur 1. nóvember

KL. 17:00 Formleg opnun. Forsvarsmenn Fornritafélagsins kynna stuttlega 5 binda ritverk um sögu Noregskonunga en síðasta bindið kom út í október sl. Balasz og Kitty ásamt Sólveigu Unni Ragnarsdóttur flytja tónlist.

### Dala-Rafn flötum
KL. 20.30 Sýning og kynning á bátasafni Þórðar Rafns. Edda Andrésdóttir les úr nýrri bók sinni Til Eyja

### Vinaminni
KL. 21.00 Davíð, Siggi og valdir hippar m.m. Safnahelgartilboð á matseðli

### Safnahús
Laugardagur 2. nóvember

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja

K. 11:00-17:00 Týnda fólkið Konur í einkaskjalasöfnum verða teknar fyrir þetta árið. Þ.á.m. lausamennskubréf vinnukvenna, sem að fengu sig lausar úr vistarböndum um aldamótin 1900

KL. 13:00 Einarsstofa. Erlendur Sveinsson forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands opnar myndlistarsýningu föður síns, Sveins Björnssonar.

KL. 13:30 Sagnheimar. Erlendur Sveinsson forstöðum. Kvikmyndasafns Íslands fjallar um myndefni sem tengist Vestmannaeyjum. Sýndur verða bútur úr myndinni Úr Eyjum, sem félagið Heimaklettur lét gera árið 1969. Víglundur Þorsteinsson opnar síðu á Heimaslóð sem helguð er Árna Árnasyni símritara. Boðið upp á kaffi og meðlæti.

KL. 15:00 Sagnheimar. Egill Helgason þáttastjórnandi Kiljunnar fjallar um jólabókaflóðið og Þórarinn Eldjárn les úr nýjustu bók sinni.

KL. 16.00 Styrktarfélagstónleikar Lúðrasveitar Vestmannaeyja.

KL. 20:00 „Eyjapeyjar í Eldey 1971 og 1982", saga í máli og myndum.

### Akóges
KL. 21.00 Marlene Dietrich – Hrund Ósk Árnadóttir og Pálmi Sigurhjartarson flytja valin lög sem þessi einstaka söngkona gerði fræg um miðja síðustu öld.

### Sæheimar
Sunnudagur 3.nóvember

KL.16.00 Halastjörnur. Karl Gauti Hjaltason fræðir unga sem aldna um leyndardóma halastjarnanna.

## Rangárþing Eystra

### Skógasafn
Laugardagur 2. nóvember - Frítt inn

KL. 13:30 Leiðsögn um safnið. Nýjar og breyttar sýningar sem settar voru upp á árinu kynntar.

KL. 14:00 Þórður Tómasson les upp úr nýjustu bók sinni, Sýnisbók safnamanns. Þórður áritar bókina. Viðarbandið flytur nokkur lög.

### Sögusetrið Hvolsvelli
Föstudagur 1. – sunnudags 3. nóvember

KL. 13:00- 18:00 Maraþon saumahelgi í Njálureflinum, www.njalurefill.is

„Þetta vilja börnin sjá" - Sýning á úrvali myndskreytinga úr nýlegum íslenskum barnabókum.

Laugardagur 2. og sunnudagur 3. nóvember

SS verður með kynningu á sínum vörum. Tónlistaratriði og upplestur. Frítt inn.

## Uppsveitir Árnessýslu

### Þjórsárstofa, Félagsheimilið Árnes
Fimmtudagur 31. október

KL. 16:00 Opnunarhátíð Safnahelgar og opnun safnarasýningar Upplits. Allir velkomnir.

Laugardagur 2. nóvember

KL. 13:00-17:00 Safnarasýning Upplits. Safnarar koma með sín einkasöfn og kennir ýmissa grasa.

### Samansafnið Sólheimum í Hrunamannahreppi
Laugardag 2. og sunnudag 3. nóvember

KL. 13:00-17:00 Opið á sýninguna, aðgangur aðeins kr. 500 í tilefni safnahelgar.

Fjölbreyttir munir og gamlir bílar.

### Bragginn - leir og kaffi, Birtingaholti 3
Laugardag 2. og sunnudag 3. nóvember

KL. 13:00 - 18:00 Kaffihús og leirvinnustofa í skemmtilegu jarðhýsi í Birtingaholti.

Matseðillinn byggir á því hráefni sem er að finna í heimasveit og verður til sölu heimabakað brauðmeti úr mjöli frá Fjólu í Birtingaholti, ljúfar kökur, ásamt dásamlegu kaffi.

### Bjarkarhlíð, Flúðum
Laugardag 2. og sunnudag 3. nóvember

KL.13:00-16:00 Anna Magnúsdóttir handverkskona býður gesti velkomna á vinnustofu sína.

### Laugarland, Flúðum
laugardag 2. og sunnudag 3. nóvember

KL. 13:00-17:00 "Leikur að List", Dúkkusýning með yfir 500 dúkkum. Handverk, myndir, steinar og vísnakort.

## Laugarvatn

### Héraðsskólinn Hostel á Laugarvatni
Opið alla dagana. Í tilefni Safnahelgar verður 15% afsláttur af gistingu.

Bókasafnið er opið almenningi og sérstakar afmælisvöfflur á tilboði. Lifandi tónlist verður í húsinu á kvöldin og skemmtilegt andrúmsloft.

### Laugarvatn Fontana
Opið alla daga kl. 11:00 - 21:00. Safnahelgartilboð: tveir fyrir einn.

### Gullkistan, Eyvindartungu
Laugardagur 2. nóvember

KL 13:00 – 17:00 Opið hús. Gestir boðnir velkomnir að kynna sér starfsemi Gullkistunnar. Listamenn á staðnum, hægt að sjá verk í eigu Gullkistunnar. Áhugasamir geta fengið að mála mynd á striga gegn vægu gjaldi.

## Reykholt

### Bjarkarhóll í Reykholti
Föstudagur 1. nóvember

Ásdís Gígja Halldórsdóttir opnar málverkasýningu.

KL. 20:00 Bjarni Harðarson með bókauppboð og kynningu á nýútkomnum bókum. Höfundar árita og lesa upp úr bókum sínum.

Höfundar bókarinnar Vettlingar úr Vorsabæ árita sína bók og uppboð verður á vettlingum úr bókinni.

Sigríður Jónsdóttir frá Arnarholti kynnir nýja ljóðabók sína Undir ósýnilegu tré.

Ólöf Vala Ingvarsdóttir frá Birkilundi kynnir unglingabókina Bleikir fiskar.

Laugardagur 2. nóvember

KL. 14:00 Prjónakaffi og kynning á jólahekli og prjóni.

KL. 15:00 Sultukeppni. Dómarar: Magnús Hlynur Hreiðarsson fréttaritari á Stöð 2, Valgerður Sævarsdóttir sveitarstjórnarmaður og Ragnhildur Þórarinsdóttir garðyrkjubóndi.

### Café Mika í Bjarkarhól Reykholti
Laugardagur 2. nóvember Hátíðarkvöldverður.

Fjögurra rétta hátíðarkvöldverður matreiddur úr sunnlensku gæða hráefni úr sveitinni. Tónlistaratriði: Stefán Þorleifsson tónlistarmaður „leikur við hvurn sinn fingur". Borðapantanir og frekari upplýsingar, s. 486 1110 / 896 6450.

### Skálholt
Skálholtsdómkirkja og safnið í kjallaranum eru opin alla daga frá kl. 9:00.

Gestastofan verður opin frá kl. 11:00 – 18:00. Aðgangur ókeypis um safnahelgi.

Laugardagur 2. nóvember

KL. 13:00 Söguganga um Skálholtsstað undir leiðsögn heimamanna.
Lagt af stað frá Gestastofunni. Kaffi og heitt súkkulaði í Skálholtsskóla í boði staðarins að göngu lokinni.
Kl. 14:00 Kynning á fornleifarannsóknum á Skálholtsstað. Mjöll Snæsdóttir, fornleifafræðingur

Sunnudagur 3. nóvember

KL. 14:00 Guðsþjónusta í Skáholtsdómkirkju á allra heilagra messu.

KL. 15:00 Söguganga um Skálholtsstað undir leiðsögn heimamanna. Lagt af stað frá Gestastofunni. Kaffihlaðborð í Skálholtsskóla að göngu lokinni.

Fimmtudagur 7. nóvember

KL. 20:30 Dagskrá í Skálholtsdómkirkju helguð Jóni Arasyni og sonum hans. Gunnar Eyjólfsson leikari flytur erindi um Jón Arason og syni hans.. Jón Bjarnason organisti spilar á orgelið. Gengið í safnið í kjallara kirkjunnar og um göngin. Blysför að minnisvarða Jóns Arasonar. Kaffi og heitt súkkulaði í Skálholtsskóla í boði staðarins, að göngu lokinni.

# Flóahreppur

## Gönguferð að Flóðgáttinni

Laugardaginn 2. nóvember

KL 11:00 Gönguferð að Flóðgáttinni vegna frumsýningar upplýsingarskiltis. Gangan hefst við áveituskurðinn við Brúnastaðaveg. Við Þjóðveg 1 (Flóaveg) er beygt út af veginum þar sem merkt er Miklholtshellir (303) og keyrt áleiðis upp að Brúnastöðum. Göngustjóri verður Guðni Ágústsson.

## Sveitabúðin Sóley

Opið alla helgina frá 12:00-18:00 Vertu velkomin til okkar í jólahuggulegheit.

## Tré og list Forsæti

Föstudaginn 1. nóvember til sunnudagsins 3. nóvember

13:00-17:00 Tré og list varðveitir sögu hagleiks og uppfinninga, kynnir tréskurðarlist og sérstakt handverk. Listakonan Sigga Grund sýnir nýja útskurðamuni. Ljósmyndir eftir Ólaf Sigurjónsson og 70 ára gamall vefnaður Kristínar Ketilsdóttur. Í tilefni safnahelgar er aðgangur 500 kr og frítt fyrir börn.

## Ferðaþjónustan Vatnsholti

Laugardaginn 2. nóvember

KL. 12:00 OG 16:00 Hjónin í Vatnsholti bjóða fólki að skoða svæðið og smakka á sínu fræga Nauta Carpaccioi með heimagerðu pestói, parmesan osti og Ruccula salati.

## Ullarvinnslan - Gamla Þingborg

Fimmtudaginn 31. október frá 11:00-17:00, föstudaginn 1. nóvember og laugardaginn 2. nóvember frá 11:00-16:00.

Þingborgarkonur bjóða upp á einstaka hönnun ásamt því að veita góð ráð hvað ullina varðar. Finna má allt sem við kemur ull í Ullarvinnslunni.

## Tónleikar í Þingborg

Laugardagur 2. nóvember

KL. 21:00 KK og Maggi Eiríks verða með tónleika á Tónahátíðinni. Það verður enginn söngelsk sála svikin af ljúfri kvöldstund í félagsskap þessara ástsælu listamanna. Miðapantanir í síma 691-7082 eða við inngang. Húsið opnar kl. 20:30.

# Selfoss

## Bókasafn Árborgar, Selfossi

Fimmtudagur 31. október

KL. 10:00 – 19:00 Málverkasýning Ólafs Th. Ólafssonar Ólafur Th. Ólafsson sýnir olíu- og vatnslitamyndir í Listagjánni.

Föstudagur 1. nóvember

KL. 17:00 Litbrigði, Rósa Traustadóttir sýnir vatnslitamyndir í Listagjá Bóksafnsins. Í tilefni opnunar fer Rósa með okkur í Listagjánna í ljúfa hugleiðslu þannig að allir fara vel hreinsaðir og óhræddir inn í helgina.

KL. 18:00 Ljós og skuggar. Bókasafnið verður draugalega skreytt! Sigurgeir Hilmar mun hræða okkur með draugasögum, mest af sunnlenskum kerlingum sem hafa gengið aftur.

Laugardagur 2. og sunnudagur 3. nóvember

KL. 11:00-17:00 Aukaopnun í tilefni safnahelgar.

## Sunnlenska bókakaffið

Föstudagur 1. nóvember

KL. 17:00-18:00 Ljóðalestur og prjónakaffi í Sunnlenska bókakaffinu. Valgerður Jónsdóttir kynnir bók sína Vettlingar frá Vorsabæ. Bjarki Karlsson, handhafi verðlauna Tómasar Guðmundssonar 2013, les úr nýrri ljóðabók. Allir velkomnir, bækur á sértilboði og kaffi í boði hússins.

## Sundhöll Selfoss

Laugardag 2. og sunnudag 3. nóvember

KL. 9:00-19:00 Uppskriftir í lauginni. Sundhöll Selfoss verður með uppskriftir í pottunum um Safnahelgina. Gestir geta skoðað gómsætar mataruppskriftir í heitu pottunum.

## Héraðsskjalasafn Árnesinga, Austurvegi 2

Fimmtudaginn 7. og föstudaginn 8. nóvember

KL. 13:00-16:00 Vísnavefur Héraðsskjalasafns Árnesinga og óðfræðivefurinn Bragi.
Héraðsskjalasafnið, í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, hefur sett yfir 600 vísur og 20 ljóð á óðfræðivefinn Braga. Vefurinn kynntur. Kaffi á könnunni.
Myndasetur.is - ljósmyndasafn Héraðsskjalasafns Árnesinga.
15.000 ljósmyndir verða settar á vefinn okkar www.myndasetur.is - hvetjum alla til að skoða vefinn, koma og forvitnast um myndirnar. Skráning á ljósmyndum er samvinnuverkefni almennings og Héraðsskjalasafnsins. Kaffi á könnunni.

## Rauði Krossinn Eyravegi 23

Laugardagur 2. nóvember

KL. 10:00-16:00 Basar. Konur á Selfossi selja handverk sitt til styrktar Rauða Krossinum.

## Tryggvaskáli

Sunnudagur 3. nóvember

kl. 21:00 Tónleikar Dranga, nýrrar hjómsveitar með Jónasi Sig, Mugison og Ómari Guðjónssyni. Aðgangseyrir. Sími 482 1390

## Leikfélag Selfoss

Fimmtudagur, föstudagur og sunnudagur

KL. 20:00 Sýnir Maríusögur eftir Þorvald Þorsteinsson í leikstjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur. Sýnt verður fimmtudag, föstudag og sunnudag kl. 20. Miðapantanir er frá 13-21 í s. 482-2787 og á leikfelagselfoss@gmail.com. Miðaverð er 2000 kr.

## Fischer-setrið

Sunnudagur 3. nóvember

KL. 13-16 Fischer-setrið á Selfossi opið að Austurvegi 21. Aðgangur ókeypis.

# Stokkseyri

## Lista- og menningarverstöðin Hólmaröst

Laugardagur 2. nóvember og sunnudagur 3. nóvember

kl. 13:00-17:00 Gallerí Svarti Klettur sýnir myndir Elfars Guðna og mósaík Valgerðar Þóru. Heitt á könnunni. Herborg Auðunsdóttir sýnir leirkerasmíði í vinnustofu sinni á 1.hæð.
kl. 14:00-18:00 Opin vinnustofa myndlistamannsins Gussa.

## Bókasafn Árborgar Stokkseyri

Fimmtudagur 31. október

KL. 20:00 Ljós og skuggar. Sigurgeir Hilmar hræðir okkur með draugasögum, mest af sunnlenskum kerlingum sem hafa gengið aftur svo tekur Rósa Traustadóttir við og fer með okkur í ljúfa hugleiðslu. Skólabörn af ströndinni sjá um gluggaskreytingu fyrir helgina.

## Sundlaugin á Stokkseyri

Laugardaginn 2. nóvember

KL. 10:00-15:00 Gómsætar mataruppskriftir, sem gestir geta skoðað, verða í heitu pottunum um Safnahelgina.

## Veiðisafnið

Laugardagur 2. nóvember og sunnudagur 3. nóvember

KL. 11:00-18:00 Ljóna- og lygasögur. Hægt er að fræðast um veiðidýr, skotvopn, veiðar og náttúruvernd. Aðgangseyrir: fullorðnir 1.250, börn 6-12 ára 650, hópaafsláttur.

# Eyrarbakki

## Konubókastofa, Túngötu 40

Fimmtudagur 31.október

KL. 19:00-21:00 Ljós og skuggar. Anna tekur á móti gestum og býður upp á kaffispjall um ævisögur með yfirskilvitlegu ívafi.

→















Laugardagur 2. nóvember
KL. 14:00-16:00 Kaffispjall um Guðrúnu frá Lundi við Jósefínu Friðriksdóttur.
Sunnudagur 3. nóvember
kl . 14:00-16:00 Kaffispjall um stelpur í barnabókum fyrr og nú við Katrínu Ósk Þráinsdóttur

### Byggðasafn Árnesinga, Húsið á Eyrarbakka og Beitningaskúrinn

Laugardagur 2. nóvember og sunnudagur 3. nóvember
KL. 14:00-17:00 Í borðstofu Hússins á Eyrarbakka er sýningin „Ljósan á Bakkanum" sem fjallar um Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka. Í Assistentahúsinu er sýningin „Handritin alla leið heim – Skáldskaparfræði" þar sem fjallað er um hið mikla söfnunarstarf Árna Magnússonar handritasafnara. Beitningaskúrinn við Óðinshús opinn en hann var byggður 1925 á blómaskeiði vélbátaútgerðar á Eyrarbakka. Komið hefur verið upp sýningu þar. Frásagnir þeirra sem þar unnu fá að njóta sín.

### Litlu-Háeyri, Eyrarbakka

Laugardagur 2. nóvember
KL. 13:00-18:00 Opin vinnustofa. Myndlistamaðurinn Hallur Karl Hinriksson tekur á móti gestum á vinnustofu sinni og sýnir verk sín og spjallar við gesti um myndlist.

### Staður, Eyrarbakka

Laugardagur 2. og sunnudagur 3. nóvember.
KL. 11:00-17:00 Menningarstaður, ljósmyndasýning. Ljósmyndir frá Eyrarbakka, ýmsir myndasmiðir. Elsta ljósmyndin er frá 1890 og sú yngsta frá 16.okt. 2013.

### Laugabúð, safnbúð frá 1919

Laugardagur 2. og sunnudagur 3. nóvember.
KL. 11:00-17:00 Laugabúð er eins konar gælunafn á Verslun Guðlaugs Pálssonar á Eyrarbakka. Húsið hefur verið endurbyggt með það að markmiði að færa húsið til þess horfs sem það var árið 1919 þegar Guðlaugur Pálsson (1896-1993) hóf að versla þar. Verið velkomin í Laugabúð.

## Hveragerði

### Listasafn Árnesinga

Fimmtudagur 31. okt. – sunnudags 3. nóv.
HLIÐSTÆÐUR OG ANDSTÆÐUR - tvær sýningar
Sýningin Samstíga er um abstraktlist með verk úr safneign Listasafns Íslands.
Skúlptúrar Rósu Gísladóttur eru settir upp sem tvær kyrralífsmyndir sem vísa í klassíska hefð og ganga gestir um í annarri þeirra.
Listasmiðja opin alla dagana.
Laugardagur 2. nóv.
KL. 16:00-17:00 Inga Jónsdóttir leiðbeinir í listasmiðjunni.
Sunnudagur 3. nóv.
KL. 15-16 Leiðsögn og umræður um sýningarnar í fylgd Ingu Jónsdóttur
KL. 16-17 Hörður Friðþjófsson og Erla Kristín flytja ljúfa tónlist

### Bókasafnið í Hveragerði

Sýning á munum úr eigu Kristjáns frá Djúpalæk og myndlistarsýning Sæunnar Freydísar verða opnar um helgina. Opið föstud. 13-19, laugard. 11-17, sunnud. 13-17.
Föstudagur 1. nóvember
KL. 17:00 Opnun myndlistarsýningar Sæunnar Freydísar Grímsdóttur. Hverafuglar, kór eldri borgara í Hveragerði, syngur við opnunina og Sæunn segir frá og flytur eigin ljóð. Boðið upp á hressingu.
Laugardagur 2. nóvember
KL. 14:00 Dagskrá um Kristján frá Djúpalæk á vegum bókasafnsins og Listvinafélags Hveragerðis. Ljóð og tónlistarflutningur yngri barnakórs grunnskólans og jazz- og blúshljómsveitar Bryndísar Ásmunds.

### Hveragerðiskirkja

Sunnudagur 3. nóvember 2013, kl. 20:00.
Íslenski saxófónkvartettinn leikur fjölbreytta efnisskrá þar sem áhrifa gætir úr ýmsum áttum svo sem jassi, kvikmyndatónlist, Gregorsöngnum og þjóðlegri tónlist. Tónleikarnir eru á vegum Tónlistarfélags Hveragerðis og Ölfuss. Aðgangseyrir 1.000 kr.

### Söguhringurinn

Fjölmörg söguskilti hafa verið sett upp víðsvegar um Hveragerði og gera þau grein fyrir sögu og menningu byggðarlagsins. Gestir eru hvattir til að ganga á milli söguskilta og fá þannig glögga mynd af sérstakri sögu Hveragerðis.

### Hverabakkar, Breiðumörk 23

Föstudaginn 1. nóvember
KL. 16:00 Nýtt söguskilti afhjúpað við húsið Hverabakka sem stendur við aðalgötu bæjarins. Húsið tengist sögu húsmæðrafræðslunnar hér á landi um miðja tuttugustu öld.

### Lystigarðurinn Fossflöt

Ljóð í Lystigarði. Í lystigarðinum í Hveragerði hanga 20 ljóð eftir Önnu Margréti Stefánsdóttur á og í trjánum nærri aðalinnganginum. Ljóðin eru ætluð bæði börnum og fullorðnum og gefa tækifæri til að velta ýmsu fyrir sér, ekki síst samskiptum, líðan og jafnvel húmor.

### Verslunarmiðstöðin Sunnumörk

Listamannabærinn Hveragerði - fyrstu árin
Leitast er við að draga upp mynd af tilurð skáldanýlendunnar í Hveragerði upp úr 1940. Nokkrir valinkunnir Hvergerðingar fjalla um skáldin á sýningunni og velja brot úr verkum þeirra.

Ljósmyndasýning Svövu Bjarnadóttur
Á sýningunni eru myndir af landslagi og mannlífi.

Skjálftinn 2008 í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk
Á sýningunni er gerð grein fyrir orsökum og afleiðingum jarðskjálftans í maí 2008 í Hveragerði.

## Þorlákshöfn / Ölfus

### Bæjarbókasafn Ölfuss, Ráðhúsinu

Fimmtudagur 31. október
KL. 18:00-19:00 Opnun ljósmyndasýningar Róberts Karls Ingimundarsonar. Kaffi og konfekt í boði.
Laugardagur og sunnudagur 3. og 4. nóvember
KL. 14:00-16:00 Ljósmyndasýning Róberts K. Ingimundarsonar, upplestur og föndurhorn fyrir börnin og heitt á könnunni.

### Leiksýning í Versölum, Ráðhúsi Ölfuss

Fimmtudagur, 31. nóvember
KL. 20:00 Leikfélag Ölfuss sýnir gamanleikinn „Makalaus sambúð" eftir Neil Simon. Miðapantanir í síma 664 6454 (Þrúður).

### Þorlákskirkja

Föstudagur, 1. nóvember
KL. 20:30 Sópransöngkonurnar Þórunn Elín Pétursdóttir, Ólafía Línberg Jensdóttir og Kristín Magdalena Ágústsdóttir flytja tónsetningar við hina fornu latnesku kirkjubæn Ave María. Jón Bjarnason, organisti í Skálholti leikur undir.
Aðgangseyrir 1.500 krónur.

### Hendur í höfn, kaffihús og glervinnustofa, Unubakka 10-12

Fimmtudagur 31. október
Handavinnukaffi með breyttu sniði. Súpa, brauð og meðlæti frá kl. 19.00. Sýning og frásögn handavinnukvenna hefst kl. 20.00.
Föstudagur 1. nóvember
Matur og tónlist. Stofubandið flytur dægurflugur. Húsið opnar kl. 19. Léttur matseðill. Ath. Einungis 25 miðar í boði. Borðapantanir í síma 848 3389.

### Jarðhitasýning í Hellisheiðarvirkjun

Opið er alla daga kl. 9:00 til 17:00
Hönnuðir, handverksfólk og listamenn við vinnu í Hellisheiðarvirkjun. Prjónað, málað, saumað og unnið í leir. Endurbætt jarðhitasýning þar sem hlut hitaveitunnar og mikilvægu hlutverki hennar fyrir land og þjóð eru gerð skil.

### Kaffi Kolviðarhóll

Hægt er að fræðast um sögu Kolviðarhóls á veggmyndasýningu.

### Pylsuvagninn í Selvogi

Laugardagur 2. nóvember og sunnudagur 3 .nóvember
KL. 14:00-18:00 Vöfflur og kaffi til sölu. Í pylsuvagni og þjónustuhúsi verða jólavörur dregnar fram og flóamarkaður.









Menningarráð Suðurlands
Arion banki
wow air
Kjörís